



Jarðnafar, arfgengi, fertala og svarðhlið . . .

*Hugleiðing um málnotkun og íðorðasmíði búfræðinga á 20. öld
á Degi íslenskrar tungu 16. nóvember 2011*

ÁGRIP

Í greininni er rætt um það hvernig innflutningi erlendrar búfræðipekkingar og áþreifanlegri hluta hefur fylgt smíði nýyrða og lögun tungumálsins að nýjungunum. Tekin eru nokkur dæmi um það frá ýmsum tímum svo og minnst aðila sem höfðu þar mikil áhrif. Því má halda fram að þróun tungunnar og þróun hinna ýmsu fagsviða landbúnaðarins hafi fylgst merkilega vel að hvað snertir hugtakanotkun og miðlun fræðanna. Tekið er undir ríflega sextuga ábendingu Jóns prófessors Helgasonar um að mikilvægara sé að gæta grundvallarreglna í meðferð hins almenna hluta tungumálsins en að amast við erlendum orðum ef þau falla vel inn í íslensk beygingakerfi og hafa þekkilega hljóðsamsetningu. Loks er áréttuð ábyrgð kennslustofnunar eins og Landbúnaðarháskóla Íslands gagnvart þróun fagmáls og mótun þess í nýjum fræði- og kennslugreinum. Ábyrgðin snertir líka þá varðveislu menningarminja sem Landbúnaðarsafn Íslands er sett til þess að gæta.

INNGANGUR

Þegar afurðum iðnbyltingar og upplýsingaaldar tók að skola til Íslands þurftu landsmenn ekki aðeins að tileinka sér ný vinnubrögð og nýja verkhætti heldur þurftu þeir líka á að halda orðum og hugtökum yfir allar þær nýjungar sem til sögunnar komu. Sennilega má fullyrða að á hverju ári síðustu 150-200 árin hafi til Íslands borist ein eða fleiri nýjungar á sviði landbúnaðar sem kölluðu á íslensk heiti eða lögun fyrirbæranna að íslenskri tungu og málvenjum. Lengst af hafa menn reynt að finna heiti og hugtök á íslensku, eða að minnsta kosti heiti og hugtök löguð að íslenskum málreglum. Ef til vill getum við þakkað þá tilhneigingu því að þjóðin fékk snemma eitt helsta lesefni sitt, Biblíuna, á íslensku. Víst er að með þjóðinni hefur löngum verið rík kennd til þess að íslenska erlend heiti og að tjá sem mest af aðkomnum hugtökum og hlutaheitum á íslensku. Ekki síst á þetta við um

landbúnaðinn enda eru ýmis dæmi um að bændafók og aðrir dreifbýlingar hafi látið sér annt um notkun og meðferð móðurmálsins. Raunar held ég að það hafi löngum verið einkenni þorra Íslendinga samkvæmt takmörkuðum kynnum mínum af móðurmálshirðu nágrannabjóða.

FYRSTU BÚFRÆÐIN ÍSLENSKUÐ

Umsköpun fagmáls landbúnaðarins hefur haldist í hendur við umsköpun atvinnugreinarinnar sjálfrar. Þegar ungir menn komu frá búnaðarnámi erlendis, sem í vaxandi mæli tók að gerast er leið á nítjándu öldina, höfðu þeir meðferðis nýja þekkingu, sumpart á formi áþreifanlegra hluta, t.d. verkfæra, og sumpart á huglægu formi – á formi fagkunnáttu sem þeir hófu að miðla með munnlegum hætti og skriflegum. Tók þá að reyna á tjáskiptin, eins og það síðar var nefnt: Að búfræðingarnir gætu gert sig skiljanlega landsmönnum. Ekki er víst að það hafi alltaf gengið áreynslulaust. Hvernig ætli Guðmundi Ólafssyni, jarðræktarmanni á Fitjum í Skorradal, hafi til dæmis upp úr miðri nítjándu öld gengið að útskýra plóg og plægingu fyrir fyrstu bændunum sem hann leiðbeindi um það verk? Nú, eða þá honum Hans Grönfeldt, að útskýra leyndardóma mjólkurvinnslu fyrir fyrstu námsstúlkum sínum í Mjólkurskólanum á Hvanneyri á fyrsta námskeiðinu, haustið 1900?



Með breytingunum miklu er hérlendis urðu, og margar áttu sér erlendan uppruna eða fyrirmyndir, tók urmull nýyrða að skjóta upp kollinum. Sum þeirra hafa runnið átakalaust inn í daglegt mál, rétt eins og þau hafi alltaf verið þar. Önnur náðu ekki fótfestu og hurfu í tímans haf. Um þriðja hópinn hafa orðið hvassar umræður þar sem orð í honum hafa ekki þótt falla að öllu leyti að umhverfi sínu. Kostirnir stóru við þetta allt eru að minnsta kosti tvennir: Annars vegar það að fjölbreytni tungunnar var ræktuð og hins vegar það að mönnum hefur sýnilega ekki verið sama um tungumálið. Hvoru tveggja má mjög fagna nú á *Degi íslenskrar tungu*.


Síðustu misserin hefur orðið nokkur umræða um málstefnu. Opinberar stofnanir hafa verið hvattar til þess að setja sér hana. Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands samþykkti skólanum til dæmis málstefnu þann 1. september 2011 sem kynnt er á heimasíðu skólans. Þar segir m.a.: *Málstefna Lbhí á að vera lifandi, skapandi og hvetjandi jafnt fyrir starfsmenn sem nemendur.*¹

¹ <http://www.lbhi.is/forsida/Haskolinn/Malstefna>

NÝYRÐI/ÍÐORÐ OG ÁSTÆÐUR ÞEIRRA – FÁEIN DÆMI

Hér á eftir verða rifjuð upp nokkur dæmi um málhirðu og íðorðasmíði íslenskra búfræðinga á 20. öld. Ég tek það skýrt fram að hvorki er um fræðilega hvað þá tæmandi úttekt að ræða heldur verða aðeins raktar fáeinar sögur um efnið, mest til þess að vekja umhugsun og umræður um forvitnilegt sambýli íslenskrar tungu og þessa geira þjóðlífsins. Ég tek það líka fram að viðfangsefnið er svo umfangsmikið að sögur mínar eru bara brot af viðfangsefninu. Það verðskuldar miklu rækilegri greiningu og umfjöllun:

1. **Útlend búfræði fyrst kennd á íslensku:** Þegar fyrstu íslensku búfræðingarnir hófu að boða hin erlendu fræði sín á rituðu máli, menn eins og Guðmundur Ólafsson á Fitjum og Sveinn Sveinsson búfræðingur, reyndi mjög á nýsköpun fagmáls landbúnaðarins. Þeir höfðu lært fræðin á erlendum málum, einkum norsku og dönsku, en studdust líka við ensk og þýsk rit. Beint hefði legið við að nota eitthvað af þeim hugtökum sem



þannig urðu þeim töm, hugtökum er sum hver voru eiginlega alþjóðleg að stofni eða gerð. En þá leið fóru þeir ekki. Ef við skoðum til dæmis rit Sveins *Leiðarvísir til að þekkja og búa til hin almennustu Landbúnaðar verkfæri*, sem út kom árið 1876, og einkum er byggt á norskum fyrirmyndum, er ekki annað að sjá en um viðfangsefnin sé fjallað á alþýðlegu og grónu tungumáli: Hvergi virðist sælst til ódýrra þýðinga né málslettna. Án þess ég hafi rannsakað það til hlítar þykir mér líklegt að Sveinn hafi við ritun sína búið til nokkurn fjölda nýyrða, sem mörg hver standa enn í dag skýr í sínu samhengi og hafa sýnilega fallið áreynslulaust að íslenskri tungu þeirrar tíðar. Nefnum dæmi úr hópi handverkfæra: *melbrjótur/grefi, þoruspaði/svarðfletta, jarðnafar/rati, hnausapvara*. Sveinn lýsir plógnum, verkfæri sem þá var afar fágætt

meðal Íslendinga, og var ekki í minnstu vandræðum með að tjá hugsun sína og heiti plógsins: Sveinn talar að vísu um *sveiflu-plóg* sem sýnilega var bein þýðing á heitinu *swing-plow*, er nágrannar notuðu. En síðan eru heiti hjá honum sem í dag eru vel þekkt flest hver: *plógás, skeri, svarðhlið* og *ristill*, en líka *moldvarpa* og *sóli*.

Haustið 1880 þegar Torfi Bjarnason hóf fyrsta fyrirlestur sinn í nýstofnuðum búnaðarskóla vestur í Ólafsdal mun hann hafa mælt hægt og rólega þannig að piltarnir hans næðu að skrifa námsefnið frá orði til orðs. Kennsluhátturinn krafðist þess að fyrirlesarinn hefði mótað textann fyrir sér áður, og þá þannig að hann þyldi bæði flutning og hlustun, og síðast en ekki síst – yrði nemendum skiljanlegur. Einnig þar hafa komið til sögu ný hugsun og nýyrðasmíði. Allmargar uppskriftir nemenda búnaðarskólanna hafa varðveist, og eru m.a. geymdar í bókasafni Tómasar og

Vigdísar við Landbúnaðarháskóla Íslands. Tökum dæmi úr einum fyrirlestri Torfa frá árinu 1884 (eigin leturbreyting):

Hverfiplógurinn sem jeg áður nefndi, er frábrugðinn **almennum plógi**, í því hann hefur tvö **moldivörp** en plægir ekki nema með einu í senn; er hann gjörður með ýmsu lagi en bestur mun hann vera sem hefur annað moldvarpið á lopti meðan plægt er með hinu, eru þau tengd saman með **járnslám** og leika á **þolinmóð** að ofan og taka svo plóginn alltaf upp á víxl, lypta öðru en láta hitt falla niður að **svarðhliðinni** og vinna verk sitt.²

Þarna lýsir Torfi plógi, sem á þessum tíma var sennilega með öllu óþekktur hérlendis, plógi sem í dag er almennt kallaður *vendiplógur*, heiti sem hefur verið tekið að láni úr norrænum málum.




2. **Skólar og kennarar – orðasmiðjur og orðasmiðir:** Það hefur ekki síst orðið hlutverk búnaðarskólanna að móta fagmál landbúnaðarins. Þar komu við sögu málsnjallir kennarar, einkum þeir sem hafa skrifað kennslubækur í námsgreinum sínum. Ég held að okkar lán hafi verið að margir þeirra hafa haft mjög næma tilfinningu fyrir íslenskri tungu. Svo má heldur ekki gleyma því að kennararnir hafa löngum fengið gott aðhald nemenda sem komnir voru úr sterku málumhverfi og höfðu líka ríka tilfinningu fyrir því hvað taldist vera gott íslenskt mál. Sjálfur hef ég kynnst allnokkrum slíkum og haft mikið gagn af:
 - a. Fyrsta íslenska kennslubókin í búfræði er talin vera bók þeirra Jósefs Björnssonar, Methúsalems Stefánssonar og Sigurðar Sigurðssonar: *Frumatriði jarðyrkju*. Hún kom út árið 1913 og var strax tekin til kennslu í bændaskólunum.³ Því má ætla að hún hafi orðið málfarsleg fyrirmynd margra á sínu sviði lengi síðan.
 - b. Þegar kennarar hófu að skrifa um hina nýju búfjárrækt, ekki síst kynbóta- og erfðafræði, sem fyrr var raunar kölluð *arfgengisfræði*, urðu til ýmis ný orð, sem sum hver hafa elst prýðilega: *arfgengi*, *eðlisfar*, *svipfar*, *áaerfðir* ... Og þegar fódurfræði varð til á íslensku komu til sögunnar hugtök eins og *fóðureining*, *meltanleiki*, *fyllifóður*, *breytiorka* ... Í hópi fyrstu kennsluefnishöfunda í búfjárrækt, s.s. Páls Zóphóníassonar og Halldórs Vilhjálmssonar, var líka Þórir Guðmundsson sem þýddi mikla bók um *líffæri búfjár*. Án þess að hafa rannsakað það sérstaklega þykir mér líklegt að í bókinni hafi hann í fyrsta skipti kynnt á prenti þó nokkur ný líffæraheiti. Sama gerði Gunnar Bjarnason með *Búfjárfræði* sinni, ritinu mikla er út kom 1966. Líklega er orðið *skynvæðing* – rationalisering þó frægasta nýyrði Gunnars.

² Um verkfæri eftir Herra skólastjóra Torfa Bjarnasson Ólafsdal. Handrit í bókasafni TH og VB á Hvanneyri.

³ Guðmundur Jónsson: *Hvanneyrarskólinn 50 ára*. 1939. Bls. 148.

- c. Vistfræðibók Sturlu Friðrikssonar *Líf og land – um vistfræði Íslands*, er kom út



árið 1973, átti mikinn þátt í að skapa og skýra hugtök á íslensku sem þá voru mörgum framandi, enda var fræðigreinin þá á bernskuskeiði héraendis. Bók Sturlu er afar gott dæmi um ábyrgð og góð mál-áhrif fræðimanna og kennara sem fara fyrir nýjum fræðigreinum og stemma þar strax á að ósi.⁴

- d. Með tilkomu stærðfræðilegrar tölfræði, sem búfræðingar voru raunar brautryðjendur fyrir, bæði erlendis en sérstaklega héraendis, reyndi mjög á tungumálið. Málhögum vísindamönnum og kennurum á sviðinu reyndist létt að fella hið nýja fag að lögmálum íslenskunnar.⁵ Til urðu heiti er féllu strax inn í málið, svo vel að mörg þeirra virðast hafa verið þar allt frá landnámi: *fervikagreining, aðhvarf, fertala og fertölusumma, marktækni...* Raunar eru vinnubrögð íslenskra tölfræðinga við íðaðasmíði og -söfnun, skilgreiningu íðorða og kynningu til sérstakrar fyrirmyndar. Þar hafa fyrri starfsmenn Landbúnaðarháskóla Íslands og forvera hans átt stóran hlut að máli.⁶
- e. Upp úr miðjum sjötta áratug síðustu aldar varð prófun búvéla mikilvæg þjónusta við bændur í þeirri byltingu, sem innfluttar vélar og tæki ollu þá í landbúnaði. Áhugi bænda á vélum var þá sem nú mikill og búvélar og tæki vinsælt samræðuefni manna. Á hverju ári voru prófaðar allt að tuttugu búvélar, undantekningalítið erlendar. Um prófanirnar voru gefnar út opinberar skýrslur. Þá þurfti að vanda mál og leita heppilegra heita. Í skýrslunum birtust ýmis nýnefni s.s. *vartengsli, heyþeytir, sláttuþyrta...* Mörg nýyrðanna urðu fljótt almannaeign, og fengu gjarnan fyrstu notkun í búaþeknikennslu á Hvanneyri og á bændafundum víða um land.

3. **Hart deilt um mál og málfar:** Lengi vel sóttu íslenskir búfræði- og náttúruvísindamenn alla æðri menntun til útlanda. Eins og þeir þekkja, sem reynt hafa, nær hin framandi tunga þá fljótt taki á hugsun og tjáningu. Þótt í því felist afar mikilvægur lærdómur og þroski reynist ekki öllum auðvelt að færa þekkinguna yfir á móðurmálið þegar heim er komið. Um það eigum við mörg dæmi. Nefna má íslenskan búfræðing er nam ytra flestöll seinni stríðárin. Heim kominn skrifaði hann grein sem hann nefndi *Kvígunnar heppilegasti aldur við fyrsta burð*. Ritstjóri Freys birti greinina óbreytta í

⁴ Sturla Friðriksson: *Líf og land – Um vistfræði Íslands*. Varði 1973. 263 bls. Sjá sérstaklega bls. 7.

⁵ Sjá t.d. Stefán Aðalsteinsson: *Fyrirlestrar í tölfræði fyrir líffræðinga*. Fjölrítað handrit 1978 89 bls., notað við kennslu í HÍ og við Bændaskólann á Hvanneyri/Búvísindadeild.

⁶ *Orðasafn úr tölfræði*. Rit Íslenskrar málnefndar 5. 1990. 60 bls.

nóvember-blaðinu 1945.⁷ Slíku upppoti olli greinin að tölublaðinu var eytt og ritstjórinn látinn hætta um næstu áramót. Það átti að heita svo að menn væru æfir yfir óvönduðum texta greinarinnar, þótt fátt ef nokkuð væri út á efnislegt innihald hennar að setja. Fleira mun þó hafa legið á bakvið sem ekki verður tíundað hér.⁸ Ég hef grun um að málfar greinarinnar, væri hún birt í dag, mundi fráleitt vekja jafnmikil eða jafnhörð viðbrögð og hún gerði fyrir 66 árum ...



4. **Hvernig hafa nýyrðin komið til?** Það eru ýmsir fleiri en fræðastofnanir landbúnaðarins sem hafa áhrif á framvindu fagmáls greinarinnar. Innflutningsfyrirtæki og seljendur aðfanga hans verða eðli málsins samkvæmt gjarnan hvað fyrstir á vettvang með íslensk heiti á nýjungum sem þeir bjóða. Stundum virðist tilviljun og takmörkuð umhyggja fyrir tungunni hafa ráðið en í annan tíma hafa þeir gengið skipulegar til verks. Af hinum minna ígrunduðu nöfnum má taka heitin *pinnatætari*, *bobbkatt*, *mjaltaróbot* og *vílink-kerfi*. (Hér má þó benda á athyglisverð afdrif orðsins mjaltaróbot, sem nú hefur að marki þokað fyrir heitinu *mjaltaþjónn*). Orð, sem innflytjendur hafa hins vegar vandað til, eru m.a. *fjölfætla*, *gnýblásari*, *heyþyrla*...

Árni G. Eylands fékk það hlutverk nýkominn frá námi erlendis að sjá um verkfærainnflutning Búnaðarfélags Íslands og leiðbeiningar um búvélar og verktækni. Þá voru hestasláttuvélar að ryðja sér til rúms. Þær urðu líklega sú hestavinnuvélin sem komst næst því að verða almenningseign. Fljótlega varð Árni því var þarfarinnar fyrir íslensk heiti á hinum ýmsu hlutum sláttuvélanna, bæði vegna leiðbeininga um notkun vélanna og varahlutapantana í þær. Árni átti þátt í því að Búnaðarfélagið flutti inn hinar sænsku Herkules-sláttuvélar frá Arvika Verken. Þær urðu afar vinsælar hérlendis. Nú var Árni ekki þekktur fyrir hálfkák í verkum sínum. Hann gekk skipulega til verks og af fagmannlegri nákvæmni eins og lesa má í óbirtum endurminningum hans:


...þar var í fyrsta sinn gengið að því að festa íslensk orð og heiti við alla hluti vjelarinnar. Í þeim nýjungarvanda naut ég mikillar og ótrúlegrar hjálpar tveggja mætra málkunnáttu-manna, þeirra Sigurðar Nordal og Guðmundar Finnbogasonar. Jeg tók nýja Herkulesvjel samsetta inn í herbergi í Búnaðarfélagshúsinu, þótt eitthvað væri nú á móti slíku mælt. Tvö kvöld sátum við þrír inni hjá vjelinni. Þannig unnið áttu hinir málsnjöllu hjálparmenn auðvelt með að átta sig með mjer á vjelinni og kynnast henni, allri gerð og hugsanlegum nöfnum hinna einstöku hluta hennar. Að sjálfsögðu átti jeg uppástungur að mörgum nöfnum, og nafnalista á fleiri málum höfðum við til athugunar, þótt sænskan væri þar aðalatriði. Hinni allnafnriku athöfn okkar allra

⁷ Freyr nr. 11 (nóv.) 1945. Bls. 161-163.

⁸ Matthías Eggertsson, í samtali 29. okt. 2011.


Þriggja hefi jeg haldið á lofti og tel þann viðburð merkan vera, þótt nú sjeu sláttuvjelar horfnar af sviðinu.⁹

Undir þessum lið má rifja upp dæmi frá árunum 1963-1964 þegar til landsins komu þær vélar, er líklega breyttu mestu fyrr og síðar um meðferð þornandi heys á velli. Frá Þýskalandi barst þá vél til heysnúnings, sem þarlendir kölluðu



Kreiselheuer. Það var fyrirtækið Þór hf sem flutti þá fyrstu inn. Hún var af gerðinni Fahr. Fyrirtækið kaus að kalla vélinu *fjölfætlu*. Af hyggindum sínum leitaði Einar forstjóri Þorsteinsson eftir skrásetningu nafnsins sem vörumerkis.¹⁰ Þannig voru keppinautarnir settir í þann vanda að leita annarra nafna á sambærilegar vélar af öðrum tegundum. Því kaus Árni Gestsson forstjóri Glóbus hf að kalla sína vél *heytætlu*, einnig sem skrásett vörumerki.¹¹ Sú var af gerðinni Fella. Kuhn-vél í umboði Véladeildar SÍS kom þriðja árið. Hún var kölluð *heyþyrla*. Man ég vel hve þetta kallaði á mikla aðgæslu Ólafs Guðmundssonar og okkar aðstoðarmanna hans sem þá unnum að búvélaprófunum hjá Verkfæranefnd ríkisins. Einu nafni kaus Ólafur, sá málhagi maður, hins vegar að kalla þessar tímamótavélar *heyþeyti* - að minnsta kosti tvö fyrstu árin.

En þótt nafnaflóra þessara notadrjúgu véla virtist ruglandaleg á þessum árum sá ég jákvæð áhrif hennar löngu seinna, er ég tók að kenna við Hvanneyrarskóla, áhrif sem ég verð var við enn þann dag í dag. Þau felast í sögninni, sem fólk í ýmsum sveitum hefur um verknað þessara heyvinnuvéla. Þannig tala menn um að *fætla* heyið, *tætla* heyið, og jafnvel að *þyrla* heyið, að öllum líkindum sprottið af því hvort bændur keyptu *fjölfætlu*, *heytætlu* eða *heyþyrlu*. Dálítil málgæsla og samkeppni í byrjun heyþyrlualdar leiddi sem sagt til þess að á komst og viðhélst skemmtileg fjölbreytni í orðfæri tengdu því einfalda verki að snúa heyi á þurrkvelli eða breiða það!



Fleiri dæmi eru um að vélasalar hafi leitað sérstakra heita á tækjum sínum og haldið þeim markvisst fram í allri kynningu. Þannig kaus Glóbus að nota nafnið *Gnýblásari* sem vörumerki á hina norsku Kvernelands-blásara (*høykanon*) er

⁹ Bréfasafn Árna G. Eylands. Héraðsskjalasafn Árnesinga. EA 112, 17/9. Bls. 114.

¹⁰ Verkfæranefnd ríkisins: *Skýrsla um prófanir og tilraunir framkvæmdar á árinu 1963*. Bls. 16.

¹¹ Verkfæranefnd ríkisins: *Skýrsla um prófanir og tilraunir framkvæmdar á árinu 1964*. Bls. 28.

fyrirtækið seldi. SÍS greip þá til nafnsins *Rokblásari* á sams konar tæki smíðuðu héraðslendis. Og úr því að nefndur var heyblásari má víkja að því hvernig íðorðin nema land. Málfræðingar hafa unnið ötullega að rannsókn á málfari og útbreiðslu orða og heita eftir landshlutum. Landshlutamunur búfræði-orða virðist geta verið töluverður jafnvel þótt um seinni tíma nýyrði sé að ræða. Þannig hef ég með hjálp heimasíðu Landbúnaðarsafns spurst fyrir um útbreiðslu orðanna *heyblásari* og *heybyssa*. Tæki, sem svo voru kölluð héraðslendis, bárust okkur fyrst frá Noregi. Þar hétu þau *høykanon*, þau sem ætluð voru fyrir þurrhey en *silokanon* er nota mætti við hirðingu í vothey. Mjög takmarkaður fjöldi dæma bendir til þess að orðið *heyblásari* hafi verið ráðandi um megin hluta landsins en orðið *heybyssa* um landið norðaustanvert, austan Vaðlaheiðar.¹² En af hverju? Kanna mætti útbreiðslu annarra og nýrri heita.



Laust fyrir síðustu aldamót þegar til lands tóku að berast heybindivélar, er erlendis hétu *Big balers* eða *Square balers*, runnu á okkur bútæknikarlar tvær grímur þegar seljendur bindivéllanna og bændur hófu að kalla véllarnar *stórbaggavélar*, tiltekið eftir að í ljós kom að baggar véllanna voru raunar minni en rúllubagganna sem

allir þekktu og „*stórbaggarnir*“ voru bornir saman við.¹³ Farið var í fótspor tölfræðinganna, sem töluðu um *fertölusummu* í stað *Sum of squares*, og orðið *ferbaggi* lá beint við. Með samræmdum hætti í kennslu og skrifum tókst að vinna orðinu notkun og þegnrétt. Nú er það að finna í *Íslenskri orðabók*.


5. **Traktor – dráttarvél – dragi:** Hin miðlæga vél hefðbundinna búa á tuttugustu öld varð sú sem við mörg í dag köllum *dráttarvél*. Málrænt landnám hennar héraðslendis gekk ekki eins hljóðalaust fyrir sig og fjórhjólungsins *jeppa*. Vagga dráttarvéllanna stóð í Bandaríkjunum. Þar varð orðið *tractor* til fremur snemma á níttjándu öld, sett saman úr orðunum *traction engine*.¹⁴ Þá var það fullkomið réttnefni, því véllarnar gerðu þá fátt nema það *að draga*. Í dag er nafnið hins vegar afar takmörkuð lýsing á verkum og verkhæfni þessara vinnuvéla. Vitanlega fylgdi nafnið með fyrstu vélunum til Íslands. Menn hófu að tala um *traktorana*. Hér er jarðtætarinn stóri frá Heinrich Lanz í Þýskalandi að vísu athyglisverð undantekning, sem kallar á sérstaka umræðu. Hann fékk þegar á fyrstu vikum sínum héraðslendis árið 1921 heitið *þúfnabani* með sögulegum

¹² <http://www.landbunadarsafn.is/frettir/nr/67073/>

¹³ Heitið *stórbaggi* lá svo sem ágætlega við væri um samanburð við hina eldri og köntuðu en mun minni þurrheysbagga að ræða. Ýmsir, og þá líklega fremur hinir yngri, hafa kosið að kalla litlu þurrheysbaggana *afabagga*. Það heiti er hreint ekki út í loftið; minnir m.a. á tímans þunga nið hvað snertir þróun verkhatáa.

¹⁴ Barger, E.L ofl.: *Tractors and their Power Units*. John Wiley & Sons 1963. Bls. 2.

hætti.¹⁵ Það nafn hefur haldist síðan og er orðið sérstakt hugtak í búnaðarsögunni. Lanz-vél þessi var eiginlega aldrei kölluð traktor. Því má svo skjóta hér inn að ég tel mig hafa orðið varan þess á síðustu árum að hugtakið *þúfnabani* er í munni margra að færast yfir á allar dráttarvélar á járnhjólum. Af hverju?



Orðið traktor pirraði víst ýmsa hérlendis þótt Jón Helgason prófessor, sem brátt verður vitnað til, sæi enga ástæðu til þess að amast við því. Þannig segir kunningi minn, ögn eldri en ég, kominn af Fjallabæjafólki í Þistilfirði, að þar norðanlands hafi menn í hans ungdæmi aldrei tekið sér orðið *traktor* í munn – alltaf talað um *dráttarvélin*.¹⁶ Má vera að þess vegna hafi Svarfdælingurinn Gísli Kristjánsson ritstjóri Freys, ágætur málvandari, lagt nokkuð í það að nota orðið *draga* um þessar mikilvægu aflvélar.¹⁷ Vitanlega var það nákvæm þýðing á hinu ameríska heiti, sem



allar forsendur átti að hafa til þess að vinna hér lönd. Svo fór þó ekki og nú er heitið *dragi* löngu horfið í þessari merkingu. Hins vegar var um miðjan sjötta áratuginn kynnt athyglisvert heiti sem ýmis rök mæltu með: það var orðið *dragþór*.¹⁸ Það er hljóðlíking hins ameríska heitis, merkingarlega af sama meiði og með viðskeyti sem skírskotaði til dularkrafta úr goðheimum. Orðið mun einnig hafa borið fyrir í kvenkyni –

dragþóra – ef til vill til þess að styrkja skírskotun þess til kvenkynsorðsins dráttarvél. Satt að segja finnst mér orðin *dragþór* og *dragþóra* vera býsna heillandi þótt vonlítið sé að vinna þeim fylgi úr því sem komið er! Í uppvexti mínum vestur í Dýrafirði var heitið *dráttarvél* einrátt um gúmhjóluðu heimilisvélarnar en Fordson-járnhjólavélin af næstu kynslóð á undan, sem farið hafði til jarðvinnslu á milli bæja, var einlægt kölluð *Traktorinn*.

ÍSLENSKUN – EN AÐ HVAÐA MARKI?

Stundum er deilt um það hve langt skuli ganga í innlimun erlendra hugtaka í fagmál okkar, rétt eins og deilt er um það hvaða erlendar plöntur eigi erindi í íslenskt lífríki. Í þeim efnum langar mig til þess að skjóta mér á bak við 63 ára gamalt bréf: Þegar Árni G. Eylands var að

¹⁵ *Heima er best*. 1967 17. árg., 11. tbl. Bls. 391.

¹⁶ Óttar Einarsson: Í tölvubréfi til höfundar 6. ág. 2010.

¹⁷ [Gísli Kristjánsson]: Ekið á draga. *Freyr*. LVI. 1960. Nr. 17-18. Bls. 287.

¹⁸ *Tíminn* 41. árg. 9. maí 1957. Bls. 5.

undirbúa bók sína, *Búvélar og ræktun*, eitt stærsta og vinsælasta íslenska búfræðirit, sem út kom á 20. öld, þurfti hann mjög á að halda íslenskum heitum á allan þann fjölda efnisatriða sem hann tók þar til meðferðar. Árni leitaði ráða hjá Jóni Helgasyni prófessor í Kaupmannahöfn. Jón svaraði með stuttu bréfi þar sem hann sagði m.a.:

Ég fyrir mitt leyti hef enga tilhneigingu til að amast við orðum eins og mótor (auðvitað þá stafsett að íslenskum hætti, með Ó!) og traktor, sem falla vel inn í íslensk beygingakerfi og eru ekki sérstaklega annarleg að hljóðsamsetningu. Hefðu góð íslensk orð, helzt ósamsett, verið á boðstólum síðan þessir hlutir voru nýir, hefði það verið gott; en svo var ekki, útlendu heitin eru almennt notuð, og til hvers þá að vera að amast við þeim í riti. Það sem ég þoli miklu verr er allskonar þarfleysu slettur sem eyða íslenskum orðum sem áður voru til; sá sem segir eða skrifar að hann sé „upptekinn“ þegar hann á annríkt eða viðbundið, eða „til að byrja með“ í staðinn fyrir „fyrsta kastið“ eða „í fyrstu“, setur í mínum augum á sig heldur ómerkilegt stimpilmark. En útlent orð sem fylgir nýjum hlut og fyllir skarð sem áður var í málinu, – þar fer því, að mínu viti, svo fjarri að ástæða sé til að reyna að íslenska fyrir hvern mun, að málinu getur miklu fremur verið fengur að eignast nýja stofna. Það getur verið mikið gott að kalla mótorinn „hreyfil“, en hvað heitir þá mótoristinn? Og „hreyfill“ er orð sem menn taka sér naumast í munn; sá sem notar það fjarlægist mælt mál, en að því er lítill fengur að ritað mál og mælt mál gliðni mjög í sundur. – Þetta eru í stuttu máli mínar einfaldar hugleiðingar út af bréfi yðar¹⁹

Ráðleggingar Jóns Helgasonar sýnist mér eiga fullt erindi til okkar enn í dag. Það er mikilvægara að gæta grundvallarreglna í meðferð hins almenna hluta tungumálsins en að amast við erlendum orðum ef þau falla vel inn í íslensk beygingakerfi og hafa þekkilega hljóðsamsetningu, eins og Jón skrifaði. Ég bendi í þessu sambandi til dæmis á þýðingu Kristjáns Eldjárns á *Norðurlandstrómet* eftir Petter Dass²⁰, sem ég les oft mér til fróðleiks og skemmtunar: Í þýðingunni hikaði Kristján ekki við að nota erlend orð. Hann valdi þau hins vegar og felldi kunnáttusamlega að íslenskum háttum svo textinn og hrynjandi hans lúta lögmaðlum íslenskrar tungu út í hörgul, sbr. t.d. upphafserindi kvæðabálksins:

*Þú bók mín, sem þann heiður hlaust
og heppnislán að vinna traust
hjá sjálfum **sekretera**:
fyrst slíkur vernda vill þitt líf
og vera **patrón** þinn og hlíf
þú víst mátt þakklát vera.*

AÐ ENDINGU

Í raun er af svo mörgum dæmum að taka varðandi málþróun, orðasmíði og málnotkun á sviði hinna ýmsu greina landbúnaðar að um heila deild íslenskra málvísinda gæti verið að ræða. Hér hef ég aðeins tínt til sundurleit dæmi, mest til þess að vekja athygli á viðfangsefninu og hugsun um það. Að lokum dreg ég saman nokkur atriði til áhersluauka:

¹⁹ Bréf Jóns Helgasonar til Árna G. Eylands 23. nóv. 1948. Landb.safn. Ísl.

²⁰ Petter Dass: *Norðurlandstrómet* (Þýð.: Kristján Eldjárn). Helgafell. 1977. 175 bls.

- ❖ Á byltingaskeiði landbúnaðarins, allt frá 1880, hafa þróun tungunnar og þróun hinna fjölmörgu nýju fagsviða fylgst merkilega vel að hvað snertir hugtakanotkun og sköpun nýyrða. Þar virðist hafa tekist að fylgja eftir fyrirmynd Jónasar Hallgrímssonar af sviði náttúrufræðinnar.
- ❖ Sagan sýnir líka að vald og áhrif þeirra sem fara fyrir rannsóknum og kennslu er mikið þegar kemur að því að fella hugsun og hugtök fræðanna að reglum íslenskrar tungu.
- ❖ Stofnun eins og Landbúnaðarháskóli Íslands fer að miklum hluta fyrir þróun fagmáls og mótnun þess í nýjum fræði- og kennslugreinum á sínu verksviði, bæði hvað snerir *ábyrgð og möguleika*.
- ❖ Ábyrgð kennara og annarra fræðimanna er mikil í hraða þeirrar miðlunar sem einkennir samtíma okkar. Málnotkun kennara nýrrar námsgreinar, sem fyrir las til dæmis hér í Landbúnaðarháskólanum laust fyrir hádegið í dag, getur verið orðin að fyrirmynd hóps nemenda í verkefnavinnu nú síðdegis – og alla daga úr því.
- ❖ Nýsamþykkt málstefna Lbhí á því ekki aðeins að verða gleymt plagg í tölvukima heldur daglegt áhald og viðmiðun um góða verkhætti - hluti af dagsverki okkar allra.
- ❖ Ríki lífs og tungu – *gróðurfar og málfar* – eiga margt sameiginlegt: Þörfina fyrir verndun, þörfina fyrir viðhald fjölbreytni og ekki síst þörfina fyrir ræktun og nýtingu. Ekkert af þessu er tryggt nema til komi þekking og virðing okkar fyrir viðfangsefninu.
- ❖ Í tilefni dagsins, fæðingardags Jónasar Hallgrímssonar, mætti því bæta ögn við einkunnarorð Lbhí: ***háskóli lífs og lands – og tungu !***
- ❖ Og að endingu: Sú varðveisla menningarminja sem Landbúnaðarsafn Íslands er sett til að annast nær líka til orða um hugtök, gripi og hvert það annað sem varðar framvindu landbúnaðar sem lífsháttar og atvinnugreinar. Nafnlausar eru minjarnar sem blóm í haga án heitis.

Skrifað í nóvember 2011

Bjarni Guðmundsson